

10. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 19. desember 2018 klukkan 8:30

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Egill Sigurðsson sem varamaður Ágústu Guðmarsdóttur, Brynja J. Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu að inn komi einn nýr dagskrárliður nr. 8.8. Tillagan samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til samþykktar:

1.1. 167. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-90. fundur. Mál nr. 22; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-90 – 1811004F. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. nóvember 2018 lagðar fram til kynningar.

1.2. 168. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-91. fundur. Mál nr. 1; Hellatún 1 L165286; Íbúðar- og landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag – 1811063.

Lögð fram umsókn, upprætti og greinargerð dags. 01.11.2018, fyrir deiliskipulag íbúðar- og landbúnaðarlóða sem óskað er eftir að tekið verði til málsmeðferðar. Deiliskipulagið tekur til 10 íbúðar- og landbúnaðarlóða úr landi Hellatúns landnr. 165286 í Ásahreppi. Aðkoma að lóðunum er af Suðurlandsvegi, við Landvegamót og um Ásveg (nr. 275) og Laufásveg (nr. 2756). Skipulagssvæðið er alls um 33 ha að stærð. Í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem 5 íbúðarlóðir Í6, og 5 landbúnaðarlóðir. Unnið var skipulag fyrir svæði árið 2004 en það kláraðist ekki í staðfestingarferli.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir deiliskipulagstillögu fyrir íbúðar- og landbúnaðarlóðir í landi Hellatúns í samræmi við fyrirliggjandi gögn og samþykkir að skipulagstillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Óska skal eftir umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Vegagerðarinnar.

Mál nr. 2; Kálfholt 2 K2 L165296; Reitur F1; Breytt byggingarform; Deiliskipulagsbreyting – 1812010.

Brynja J. Jónasdóttir vísar af fundi undir þessum dagskrárlið.

Eyrún Jónasdóttir leggur fram umsókn um heimild til að breyta gildandi deiliskipulagi í Kálfholti 2. Breytingin myndi felast í að í stað 5 smáhýsa á reit F1, yrði heimilt að byggja allt að 120 m² hús ætlað til ferðaþjónustu. Svæðið er skilgreind í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 sem verslunar- og þjónustusvæði. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við að unnin verði breyting á gildandi deiliskipulagi í Kálfholti í samræmi við meðfylgjandi umsókn.

Mál nr. 27; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-91 – 1811007F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. desember 2018 lagðar fram til kynningar.

- 1.3. 35. fundur stjórnar Félags- og skóláþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
Varðandi 1. og 2. dagskrárlið þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps fyrirleggjandi áætlun, enda samræmist hún samþykktri fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2019.
- 1.4. 61. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
Varðandi 1. dagskrárlið fundargerðar, þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps fyrir sitt leyti breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára.
- 1.5. 5. fundur Odda bs.
Varðandi 3. dagskrárlið þá er gerð tillaga um að sveitarstjórn staðfesti fyrir sitt leyti bókun stjórnar Odda bs og að í endurskoðaðri útgáfu samþykktu Odda bs orðist greinar 10 og 11 svo:

10. gr. Endurskoðun samþykktu og slit byggðasamlagsins
Samþykktir þessar skulu endurskoðaðar verði breytingar á verkefnum sem byggðasamlagið skal sinna. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis sveitarstjórna beggja aðildarsveitarfélaganna á lögmetum sveitarstjórnarfundu.

Hvort sveitarfélag getur sagt upp aðild að byggðasamlaginu með tveggja ára fyrirvara miðað við áramót. Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit þess fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

11. gr. Gildistaka

Samþykktir þessar öðlast gildi við staðfestingu innanríkisráðuneytisins.

Fulltrúar E-lista óska eftir því að samþykktir Odda bs og endurskoðun þeirra verði tekin upp til úrvinnslu og afgreiðslu í samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárbings ytra í takt við rammisamkomulag um samstarf sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagða tillögu.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. Aðalfundur Skógasafns vegna ársins 2017 ásamt fjárhagsáætlun 2019.
- 2.2. 1. fundur stjórnar Skógasafns.
- 2.3. 2. fundur stjórnar Skógasafns.
- 2.4. 4. fundur stjórnar Odda bs.
- 2.5. 4. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.
- 2.6. 2. fundur stjórnar Lundar.
- 2.7. 60. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.8. 57. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.
- 2.9. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs, dags. 18. október 2018.
- 2.10. 273. fundur stjórnar SOS.
- 2.11. 274. fundur stjórnar SOS.
- 2.12. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 19. október 2018.
- 2.13. 192. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.14. Aðalfundur SASS dags. 18. – 19. október 2018.
- 2.15. 539. fundur stjórnar SASS.
- 2.16. 865. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Landsréttur, dómur nr. 400/2018 Ásahreppur gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu.

Fyrir liggur dómur í Landsrétti. Deilt er um reglur um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og er Ásahreppur eitt fimm sveitarfélaga sem höfðu mál á hendur íslenska ríkinu vegna skerðingar framlags úr Jöfnunarsjóði vegna árána 2013-2016. Lex lögmansstofa hefur farið með málið fyrir hönd sveitarfélaganna. Niðurstaða Landsréttar er að íslenska ríkið er sýknað af kröfum sveitarfélaganna, en málskostnaður milli aðila felldur niður í héraði og fyrir Landsrétti.

Skjal
dómur
19/12

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að áfrýja málinu til Hæstaréttar og að LEX lögmansstofa fari með málið.

4. Drög að reglugerð um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga.

Lögð fram drög að reglugerð um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við fyrirleggjandi drög að reglugerð.

5. Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu; til samráðs.

Birt hafa verði á samráðsgátt stjórnarráðsins mál nr. 237/2018 – Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, með umsagnarfrest til og með 21. desember 2018. Um er að ræða greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf og tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir á þessu stigi vinnunnar við þau gögn sem liggja núna fyrir. Hreppsnefnd Ásahrepps hefur miklar efasemdir um stofnun miðhálandisþjóðgarðs og finnst að leysa þyrfti úr þeim vandamálum sem þegar eru uppi við rekstur og framgang verkefna hjá Vatnajökulsþjóðgarði.

6. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir.

Samþykkt var á 8. fundi hreppsnefndar að endurskipa / endurkjósa í allar nefndir ráð og stjórnir hjá hreppsnefnd Ásahrepps. Fyrir liggja tillögur um kosningar í nefndir, ráð og stjórnir eftir samráðsfund oddvita beggja lista í hreppsnefnd Ásahrepps:

Nefndir skv. A og B lið samþykktu, sem kosið er til fjögurra ára, þ.e.a.s. allt kjörtímabilið:

Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd

Örn Ingvarsson, aðalmaður

Sigrún Þóroddsdóttir, aðalmaður

Pétur Einarsson, aðalmaður

Helga Björg Helgadóttir, varamaður

Erla Brimdís Birgisdóttir, varamaður

Grétar H. Guðmundsson, varamaður

Tillagan borin upp og hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirleggjandi tillögu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a circled '3' and various scribbles.

Fjallskilanevnd Holtamannafréttar
Karl Ölvisson, aðalmaður
Hulda Brynjólfsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Kjörstjórn
Hulda Brynjólfsdóttir, aðalmaður
Kristín Ósk Ómarsdóttir, aðalmaður
Benedikt Jónsson, aðalmaður
Renate Hanneman, varamaður
Aasa E. E. Ljungberg, varamaður
Vilberg Skúlason, varamaður

Tillagan borin upp og hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

Umhverfisnefnd
Trausti Þór Sigurðarson, aðalmaður
Jakob S. Þórarinsson, aðalmaður
Ingibjörg Sveinsdóttir, aðalmaður
Vilberg Skúlason, varamaður
Nanna Jónsdóttir, varamaður
Sigurður Rúnar Sigurðarson, varamaður

Tillagan borin upp og hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.
Guðmundur Gíslason, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Oddi bs.
Ásta B. Ólafsdóttir, aðalmaður
Brynja J. Jónasdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra
Ásta B. Ólafsdóttir, aðalmaður
Elín Grétarsdóttir, aðalmaður
Guðmundur Gíslason, aðalmaður
Ágústa Guðmarsdóttir, aðalmaður
Brynja J. Jónasdóttir, aðalmaður

Karl Ölvisson, varamaður
Egill Sigurðsson, varamaður
Helga Björg Helgadóttir, varamaður
Nanna Jónsdóttir, varamaður
Erlingur Freyr Jensson, varamaður

Tillagan borin upp og hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirleggjandi tillögu.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.
Ásta B. Ólafsdóttir, aðalmaður
Guðmundur Gíslason, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Stjórn Húsakynna bs.
Brynja J. Jónasdóttir, aðalmaður
Guðmundur Gíslason, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.
Brynja J. Jónasdóttir, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Fanney Björg Karlsdóttir, aðalmaður
Helga Björg Helgadóttir, varamaður


Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
Guðmundur Gíslason, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Skipulagsnefnd uppsveita
Guðmundur Gíslason, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).



Skipulagsfulltrúi uppsveita bs.
Guðmundur Gíslason, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Almannavarnarnefnd Rangárvallasýslu
Valtýr Valtýsson, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Héraðsnefnd Rangæinga
Ásta B. Ólafsdóttir, aðalmaður
Guðmundur Gíslason, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Stjórn Lunda, hjúkrunar- og dvalarheimilis
Ásta B. Ólafsdóttir, aðalmaður
Brynja J. Jónasdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Verkefnabundnar nefndir, kosið út kjörtímabilið skv. D lið 41. greinar samþykkt:


Útivistarnefnd
Erlingur Freyr Jensson, aðalmaður
Eydís H. Tómasdóttir, aðalmaður
Helga Björg Helgadóttir, aðalmaður
Trausti Þór Sigurðarson, varamaður
Aasa E. E. Ljungberg, varamaður
Ingibjörg Sveinsdóttir, varamaður

Tillagan borin upp og hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirleggjandi tillögu.

Aðrar samstarfsstjórnir, nefndir sem ekki eru tilgreindar í samþykktum, til fjögurra ára:

Öldungaráð Rangárvallasýslu
Fanney Björg Karlsdóttir, aðalmaður
Helga Björg Helgadóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).



Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs
Erlingur Freyr Jensson, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Tónlistarskóli Rangæinga bs.
Brynja J. Jónasdóttir, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Ungmennaráð Suðurlands (SASS)
Halla Erlingsdóttir, aðalmaður
Sveinn Skúli Jónsson, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Náttúru- og gróðurverndarnefndar Héraðsnefndar Rangæinga
Karl Ölvisson, aðalmaður
Hulda Brynjólfsdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).


Fulltrúar kosnir á ársþing og ársfundi stofnana sem sveitarfélagið á aðild að:

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga
Ásta B. Ólafsdóttir, aðalmaður
Brynja J. Jónasdóttir, varamaður

Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, GG og BJJ) en tveir sitja hjá (EG og ES).

Aðalfundur SASS
Ásta B. Ólafsdóttir, aðalmaður
Elín Grétarsdóttir, aðalmaður
Brynja J. Jónasdóttir, varamaður
Ágústa Guðmarsdóttir, varamaður

Tillagan borin upp og hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirleggjandi tillögu.



Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Ásta B. Ólafsdóttir, aðalmaður
Ágústa Guðmarsdóttir, aðalmaður
Brynja J. Jónasdóttir, varamaður
Elín Grétarsdóttir, varamaður

Tillagan borin upp og hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirleggjandi tillögu.

Aðalfundur Bergrisans bs.

Brynja J. Jónasdóttir, aðalmaður
Elín Grétarsdóttir, aðalmaður
Ásta B. Ólafsdóttir, varamaður
Ágústa Guðmarsdóttir, varamaður

Tillagan borin upp og hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirleggjandi tillögu.

Fulltrúar E-lista leggja fram eftirfarandi bókun vegna kosninga í nefndir og stjórnir á vegum Ásahrepps:

Sú afgreiðsla að útiloka fulltrúa E-lista frá setu í 17 nefndum og ráðum á vegum Ásahrepps er atлага. Að útiloka fulltrúa E-lista ber vott um fádæma valdniðslu. Þessu er mótmælt fyrir hönd E-lista. Elín og Egill.

Fulltrúar L-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

L-listi fagnar niðurstöðu bréfs samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 8. nóvember 2018; svar ráðuneytis vegna kvörtunar Ágústu Guðmarsdóttur um skipun í nefndir, stjórnir og ráð. Á 1. fundi hreppsnefndar Ásahrepps 18. júní 2018 varð niðurstaða kosninga í nefndir, stjórnir og ráð sú að E listi fékk formennsku í 4 nefndum og varaformennsku í 5 nefndum. Í framhaldi af 1. fundi sendi Ágúst Guðmarsdóttir inn kvörtun vegna skipunar í nefndir, stjórnir og ráð til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Á 8. fundi hreppsnefndar Ásahrepps þegar niðurstaða ráðuneytis lá fyrir, bar oddviti upp tillögu um hvort endurkjósa ætti í nefndir og var það samþykkt samhljóða. Oddvitar L- og E-listanna hittust ásamt sveitarstjóra 13. desember 2018 þar sem L-listi bauð sem 1. valkost óbreytta nefndarskipan frá 1. fundi hreppsnefndar 18. júní 2018, því hafnaði E-listi. Var því ákveðið að unnið yrði samkvæmt niðurstöðu kosninga til sveitarstjórnar. (samanber svar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dagsett 8. nóvember 2018).

Fulltrúar E-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:


Fulltrúar E-lista höfnuðu tillögu L-lista þar sem hún byggðist á að L-listi raðaði fulltrúum E-lista í nefndir.

7. Samkomulag um kjarasamningsumboð.

Samband íslenskra sveitarfélaga hafa óskað eftir endurnýjun á umboði til gerð kjarasamninga fyrir hönd sveitarfélaga. Fyrir liggur samkomulag um kjarasamningsumboð Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Ásahrepps. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirleggjandi samkomulag samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd Ásahrepps.

8. Innsend bréf og erindi:

- 8.1. Erindi Fanneyjar S. Jóhannsdóttur, dags. 19. nóvember 2018; landamörk Berustaða 1.
Lagt fram tölvuskeyti frá Ingibjörgu Ósk Stefánsdóttur sem ritar fyrir hönd Fanneyjar S. Jóhannsdóttur. Í erindinu er óskað eftir staðfestingu Ásahrepps á því að landamörk Berustaða 1 séu við hreppamörk Ásahrepps og Rangárþings ytra, norðan Þjóðveggar nr. 1, samanber gildandi aðalskipulag Ásahrepps frá 23. nóvember 2010.
Hreppsnefnd Ásahrepps lítur svo á að landamörk Berustaða 1 séu skv. gildandi aðalskipulagi Ásahrepps.
- 8.2. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 19. nóvember 2018; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II, Miðás.
Ásta B. Ólafsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Miðási til sölu gistingar í flokki II. Umsækjandi er Ásta B. Ólafsdóttir kt. 261163-5789.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.
- 8.3. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 10. desember 2018; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II, Kálfholt.
Brynja J. Jónasdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Kálfholti til sölu gistingar í flokki II. Umsækjandi er Ísleifur Jónasson, kt. 120575-4309.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.
- 8.4. Tölvuskeyti Lögreglustjórans á Suðurlandi, dags. 16. nóvember 2018; boð um fund með hreppsnefnd.
Lagt fram tölvuskeyti lögreglustjórans á Suðurlandi þar sem hann lýsir áhuga sínum á því að halda fund með sveitarstjórn Ásahrepps.
Hreppsnefnd Ásahrepps list vel á hugmyndina og hefði áhuga á því að fá kynningu á hreppsnefndarfundi. Stefnt skuli að því að fá kynningu á janúar eða febrúar fundi hreppsnefndar. Sveitarstjóra falið að finna tíma sem hentar í tengslum við reglubundna fundi hreppsnefndar.
- 8.5. Bréf HSK, dags. 6. desember 2018; beiðni um fjárframlag vegna ársins 2019.
Lagt fram bréf HSK þar sem óskað er eftir framlagi til reksturs sambandsins. Óskað er eftir framlagi sem nemur kr. 280 á hvern íbúa hreppsins.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að veita umbeðinn styrk, enda gert ráð fyrir honum á fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2019.
- 8.6. Tölvuskeyti Landsvirkjunar, dags. 12. desember 2018; ósk um kynningu fyrir hreppsnefnd vegna endurhönnunar Búrfellslundar.
Lagt fram tölvuskeyti Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir því að fá að kynna niðurstöðu endurhönnunar á Búrfellslundi fyrir hreppsnefnd Ásahrepps.
Sveitarstjóra falið að hafa samband við Stefán K. Sveinbjörnsson hjá Landsvirkjun og finna tíma sem gæti farið saman með reglubundnum hreppsnefndarfundi eftir áramótin.









- 8.7. Tölvuskeyti Veraldarvina, dags. 28. nóvember 2018; ósk um samstarf.
Lagt fram tölvuskeyti Veraldarvina þar sem óskað er eftir samstarfi við einhver skilgreind umhverfisverkefni þar sem sjálfboðaliðar gætu sinnt.
Hreppsnefnd Ásahrepps hefur ekki tök á því að koma á slíku samstarfsverkefni á næsta ári.
- 8.8. Bréf Kvenfélagsins Einingar, dags. 20. nóvember 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram bréf Kvenfélagsins Einingar þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 30.000 vegna aðventuhátíðar að Laugalandi.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir umbeðinn fjárstyrk með fjórum (4) atkvæðum (ÁBO, EG, GG og ES) en einn á móti (BJJ).
Einnig er óskað eftir fríum afnotum af Laugalandi vegna hátíðarinnar.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir þá beiðni samhljóða fyrir hönd Ásahrepps.

9. Bréf og erindi til kynningar:

- 9.1. Tölvuskeyti Landsnets, dags. 27. nóvember 2018; Verkefnis og matslýsing vegna mótunar kerfisáætlunar 2019-2028.
- 9.2. Tölvuskeyti Steinars Kaldal f.h. nefndar um þjóðgarð á miðhálandinu, dags. 11. desember 2018; boðun vinnufundar.
- 9.3. Afrit af bréfi Sorpu til Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 30. nóvember 2018.

Samþykkt að næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps verði haldinn miðvikudaginn miðvikudaginn 9. janúar 2019 klukkan 8:30.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

 Ásta B. Ólafsdóttir	 Elín Grétarsdóttir
 Guðmundur Gísláson	 Egill Sigurðsson
 Brynja J. Jónasdóttir	 Valtýr Valtýsson